




Reykjavík, 20. júní 2024
USK24060162

Kjalarnes, Brautarholt– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn P ARK teiknistofu, dags. 12. júní 2024, ásamt erindislýsingu, ódags., um breytingu á deiliskipulagi Brautarholts á Kjalarnesi sem felst í að heimilt verði að reisa skrudhús fyrir prest og sóknarnefnd við Brautarholtskirkju, samkvæmt uppdr. P Ark teiknistofu, dags. 11. júní 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd af svæðinu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir jörðin Kjalarnes – Landbúnaðarsvæði

„Vegna nálægðar við Grundarhverfi og nýlegan golfvöll eru sérákvæði sett um þróun uppbyggingar á viðkomandi svæði. Á svæðinu má gera ráð fyrir fjölbættri starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu og afþreyingu. Enn fremur er möguleiki á að þróa þyrpingu íbúðarhúsa á svæðinu, án tengsla við búskap. Marka skal frekari stefnu um uppbyggingu svæðisins á heildrænan hátt í deiliskipulagi og í samhengi við væntanlegt hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi og nágrenni.“

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Brautarholt, norðurhluti, samþykkt í borgarráði 30.11.2001 ásamt síðari breytingum.

Fyrirspurn

Fyrirhugað er að reisa skrudhús fyrir prest og sóknarnefnd við Brautarholtskirkju á Kjalarnesi. Sóknarnefnd mun þá leigja 200 fermetra lóðarskika í norðausturhorni úr lóð Brautarholts VI-A (sjá uppdrátt) og byggja þar 25 – 32 fermetra timburhús í stíl kirkjunnar og íbúðarhússins á fyrrgreindri lóð.

Í skrudhúsinu verður:

1. Aðstaða fyrir sóknarprest og fermingarbörn.
2. Fundaraðstaða fyrir sóknarnefnd og kaffihorn.
3. Salerni fyrir kirkjugesti (ca. 20 manns) með hjólastólaaðgengi (algild hönnun).




Reykjavík



4. Útigeymsla fyrir kirkjugarð með séringngangi.
5. Aðkoma verður frá götu um fyrrgreinda lóð með skábraut.

Sótt er um álit skipulagsfulltrúa um hvernig skal haga umsókn um fyrrgreint erindi.



Umsögn

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið. Gera þarf grein fyrir byggingareit og uppbyggingarmagni ásamt aðkomu og fleira á deiliskipulagsupprætti.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að lóðarhafi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað í samræmi við erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir
verkefnastjóri